



Kársnesstígur á sunnanverðu Kársnes

Samráð á vinnslustigi

Dags. 30. janúar 2026

Minnisblað

Deiliskipulag fyrir Kársnesstíg á sunnanverðu Kársnesi var auglýst og kynnt á vinnslustigi dagana 13. nóvember 2025 til 23. janúar 2026. Á kynningartímanum bárust samtals 161 athugasemdir og ábendingar frá opinberum stofnunum, félagasamtökum og íbúum.

Í þessu minnisblaði er gerð grein fyrir samráði á vinnslustigi og helstu efnisatriðum þeirra ábendinga sem bárust. Um er að ræða samantekt á lykilatriðum, en ekki tæmandi upptalningu. Vísað er til meðfylgjandi athugasemda og ábendinga sem hægt er að nálgast á skipulagsgátt undir máli nr.1514/2025.

Samráð á vinnslustigi

Íbúafundur /opið hús var haldið í safnaðarheimili Kópavogskirkju þriðjudaginn 26. nóvember 2025. Á fundinum var vinnslutillaga deiliskipulags kynnt ásamt umhverfismati áætlunar. Einnig gafst íbúum og hagsmunaaðilum kostur á að spyrja spurninga og kynna sér gögn málsins. Alls skráðu 68 aðilar sig á mætingalista fundarins.



Dreifibréfi voru send aðliggjandi lóðarhöfum á Sunnubraut og Þinghólsbraut til að vekja athygli á forkynningu deiliskipulagsins á vinnslustigi.

Enn fremur var lóðarhöfum við Sunnubraut, sem kunna að verða fyrir áhrifum breikkun Kársnesstígs, boðið til funda á bæjarskrifstofu Kópavogs. Markmið fundanna var að fara yfir fyrirhugaðar útfærslur framkvæmdarinnar og eiga samtal við íbúa um frágang og lóðamörk. Fundirnir fóru fram á kynningatímabilinu.

Ábendingar frá opinberum aðilum og félagasamtökum

Skipulagsstofnun / Minjastofnun / Heilbrigðiseftirlitið /Garðabær /Fiskistofa

Gera ekki efnislega athugasemdir við vinnslutillögu á þessu stigi.



Náttúruverndarstofnun /Náttúrufræðistofnun

Framkvæmdirnar gætu haft neikvæð áhrif á verndargildi nærliggjandi friðlýstra svæða bæði á framkvæmda- og rekstartíma. Kalla eftir mótvægisaðgerðum og mati á landslagi.

Blindrafélagið

Lögd áhersla á skýran aðskilnað og aðgengishönnun.

Vegagerðin – Höfuðborgarsvæði

Benda á hæðarviðmið / flóðahættu við strönd (lágmarkslandhæðir).

Míla / Veitur

Benda á tæknilega innviði sem eru á svæðinu.

Reykjavíkurborg

Leggur áherslu á tengingar milli sveitarfélaga og öryggi gangandi/hjólandi.

Reiðhjólábændur /Landsamtök hjólreiða/Suðurspor – samtök samgönguhjólara í Hafnarfirði og Garðabæ

Styðja breikkun núverandi Kársnesstígs og vísa í hönnunarleiðbeiningar. Öryggi og flæði betra meðfram núverandi stíg en leið um götur hverfisins. Einnig er bent mögulegar betrubætur á útfærslu og hönnun stígsins.

Sjósport Kársnes

Gagnrýnir stofnstíg og leggur til aðra leið um hverfið. Jákvæð gagnvart tillögum um betri aðstöðu fyrir sjósport.

Útivistarsamtök Kársness

Útivistarsamtök Kársness eru mótfallin breikkun Kársnesstígs. Bent er á atriði er varða útivist, dýralíf og nánd við náttúru, samfélagslegs gildi svæðisins, myrkurgæði, hraða, umferðarþunga og öryggi. Einnig er bent á að heildarmynd vanti og að skoða nánar aðra kosti fyrir samgöngur innan hverfisins. Tvær skýrslur fylgja ábendingunni frá VSB verkfræðistofu og Envalys.

Ábendingar frá íbúum

Umtalsverður fjöldi ábendinga frá íbúum bárust á auglýsingatíma eða um 137 umsagnir. Margar ábendingar voru ítarlegar og aðrar styttri. Hér að neðan er umfjöllun um helstu atriði sem íbúar leggja áherslu á, ekki er um tæmandi atriðalista að ræða.

Vernd útivistarsvæðis meðfram strandlengju

Bent er á að strandlengja Kársness er útivistarperla sem gegnir mikilvægu hlutverki í daglegu lífi íbúa hverfisins, m.a. fyrir göngur, hlaup, dvöl, leik barna og náttúruupplifun. Tvöföldun og skilgreining stígsins sem stofnhjólaleið breyti eðli svæðisins varanlega úr hægum útivistarstíg í gegnumstreymis samgönguæð.

Öryggi gangandi

Bent er á að hraði hjólandi umferðar (25–30 km/klst.), sem samræmist hönnunarviðmiðum stofnhjólaleiða, sé ósamrýmanlegur sameiginlegu útivistarsvæði. Bent er á að takmarkað rými er fyrir breikkun stígsins á nokkrum stöðum, ófullnægjandi aðskilnaður milli göngu og hjólandi umferðar og reynslu íbúa af núverandi hraðakstri hjólreiða á svæðinu. Gerður er greinarmunur á samgönguhjólreiðum og útivistarhjólreiðum. Bent er á að stofnhjólaleiðir séu ætlaðar til að flytja hjólandi umferð hratt og skilvirkt milli sveitarfélaga, sem geti skapað árekstra milli ólíkra notendahópa og ógnar öryggi gangandi og barna.



Ró, friðsælt og heilsufarsleg gæði

Bent er á að ró og kyrrð séu lykilgæði svæðisins. Svæðið hafi mikilvægt heilsueflandi gildi, bæði andlega og líkamlega. Eldri borgarar nefna sérstaklega mikilvægi áningarstaða, bekkja og telja að aukinn hraði og umferðarþungi dragi úr notagildi svæðisins fyrir þennan hóp.

Friðlýst svæði

Bent er á verndargildi strand- og fjörusvæðisins í Kópavogi, m.a. vegna fuglalífs, leira og grunnsæva. Aukin umferð, lýsing og vetrarþjónusta geti haft neikvæð áhrif á vistkerfi svæðisins. Áhersla er lögð á varfærni við mannvirkjagerð á friðlýstum eða viðkvæmum strandsvæðum.

Leiðaval og valkostir

Ábendingar um að skoða aðra legu stofnhjólaleiðar, einkum meðfram Kópavogsbraut eða um Kársnesbraut/Urðarbraut. Slík leið þjóni betur daglegum ferðum íbúa en strandleiðin, sem fyrst og fremst nýtist gegnumstreymi. Gagnrýnt er að valkostagreining hafi verið ófullnægjandi, m.a. að ekki hafi verið metnir allir kostir á jafnræðisgrundvelli eða með tilliti til félagslegra og heilsufarslegra áhrifa.

Kynning og gögn

Í umsögnum kemur fram gagnrýni á framsetningu kynningargagna, sem íbúar telja einhliða, óskýr og of lítið byggða á raunverulegri notkun svæðisins. Bent er á skort á samráði við íbúa og hagsmunaaðila snemma í ferlinu og óskað eftir aukinni þátttöku í áframhaldandi mótun lausna.

Annað

Fjöldmörg önnur atriði eru nefnd í ábendingum frá íbúum um, svo sem eignarhald, lóðamörk, takmarkaðar umferðarspár, lóðaleigusamningar, ótryggar þveranir, togbraut upp brekkur fyrir hjólandi, fordæmisgildi, slyshætta og ábyrgð, ágengi sjávar, plássleysi, óskýr skilgreining á stofnstíg og hraðhjólbraut, tímasetningu og forgangsörðun, rafskútur og aðrir nýir ferðamátar, hljóðvist og truflun o.s.frv. Ekki er um tæmandi atriðalista að ræða.

Samantekt

Alls bárust 161 ábendingar á vinnslu stigi. Þær endurspeglar áhyggjur íbúa af áhrifum tillögunnar á strandlengju Kársness, öryggi, útivist og náttúru. Jafnframt kemur fram almennur vilji til að efla hjólasamgöngur í hverfinu, en með öðrum leiðum og lausnum en aðskilin stíg um sunnanvert Kársnes. Einnig hafa borist ábendingar sem styðja tillöguna, frá hjólreiðasamtökum og íbúum.

- Neikvæðar ábendingar sem hafa borist (andmæli): 137 (≈ 85%)
- Jákvæðar ábendingar sem hafa borist (styðja): 13 (≈ 8%)
- Ábendingar og umsagnir frá opinberum aðilum: 12 (≈ 7%)

